

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að eftirfarandi gönguþveranir verði merktar sem gangbrautir:
 - a. Yfir Hofsvallagötu til móts við Vesturbæjarlaug.
 - b. Yfir Holtsgötu til móts við Framnesveg.
 - c. Yfir Öldugötu til móts við Framnesveg.
 - d. Yfir Langholtsveg til móts við Langholtsveg 124.
 - e. Yfir Jaðarsel til móts við Seljaskóla.
 - f. Yfir Norðurhóla til móts við Vesturhóla.
 - g. Yfir Krummahóla til móts við Vesturhóla.
 - h. Yfir Norðlingabraut til móts við göngubrú yfir Breiðholtsbraut.
 - i. Yfir Kollagrund, til móts við Klébergsskóla.
 - j. Tvær gönguþveranir við Hallsveg.
2. Að eitt bifreiðastæði við Hofsvallagötu 20-22 verði merkt fyrir hreyfihamlaða.
3. Að bifreiðastæði við Selvogsgrunn 3 verði merkt fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
4. Að bifreiðastæði í Mýrargötu vestan gatnamóta við Hlésgötu verði merkt fyrir hóp bifreiðir. Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.

Skrifstofu stjórnarsýslu og gæða á umhverfis- og skipulagssviði, 16. nóvember 2022.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir skrifstofustjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 2. desember 2022